



FUNDARGERÐ

KYNNINGARFUNDUR UMHVERFISSTOFNUNAR FYRIR VATNASVÆÐIS-NEFND Á VATNASVÆÐI 4

Dags.fundar 31.01.12	13:30 – 16:15	Staður Umhverfisstofnun (UST), salur á 5. hæð	Nr. fundar 1
Fundarstjóri: Gunnlaug Einarsdóttir		Fundarritari: Þórey J. Pétursdóttir, áhersla lögð á að skrifa niður allar spurningar fulltrúa. Ekki náðist alltaf að rita nafn spyrjanda í fundargerðina eða gaf ekki upp nafn.	
Fundarmenn: Kristín L. Árnadóttir forstjóri UST, Heiðrún Guðmundsdóttir UST, Jóhanna Björk Weissappel UST, Tryggvi Þórðarson UST, Gísli Jónsson UST, Kristján Geirsson UST, Svanfríður Dóra Karsdóttir UST, Gunnar Steinn Jónsson UST, Stefán Stefánss. bæjarverkfr. Seltjarnarnesi, Smári Björnsson Snæfellsbæ, Tómas G. Gíslason Mosfellsbæ, Birgir Haraldsson Sandgerðisbæ, Eysteinn Haraldsson Garðabæ, Hörður Ó, Guðmundss. Grímsnes- og Grafningshreppi, Sigurður Jónss Sveitarf. Ölfus, Kristín Lóa Ólafsdóttir HER, Páll Stefánsson HHK, Þorvaldur Örn Árnason sveitarf. Vogar, Guðmundur G. Gunnarsson Sveitarf. Álftanes, Steingrímur Hauksson Kópavogsbær, Kristín Ólafsd. HEK, Erla B. Bjarnad Garðabæ, Eygerður Margrétard RVK borg, Kristín Soffía Jónsd. RVK borg, Ása Hólmarsd HEV, Björg Gunnarsd. Borgarbyggð f.h. Ragnars Franks. Dagur Jónss Hafnarfj., Sævar Finnbogass. Hvalfj.sveit.,			
Afrít sent til: Fulltrúa í vatnasvæðisnefnd á svæði 4			
Markmið fundar: Kynna nýja stjórnsýslu vatnamála, drög að áfanga- og verkáætlun, hlutverk vatnasvæðisnefnda og skipulag vinnufunda.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	
1	Opnun fundar: Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar Kristín bauð fundarmenn velkomna á þennan fyrsta fund hjá vatnasvæðanefndinni. Gerði grein fyrir nýju fyrirkomulagi við stjórn vatnamála sem búið er að undirbúa í nokkur ár. Tilgangurinn er að koma á nýju kerfi við mat á ástandi vatns; úr brotakenndri þekkingu í heildstæða þekkingu á ástandi vatna. Hún benti á að stjórn vatnamála væri langtímaverkefni til verndar vatnsauðlind okkar, sem nýtist í öllum grunnatvinnuvegum þjóðarinnar. Mikilvægt sé að vel takist til, þannig að sveitarstjórnir geti tekið ákvarðarnir byggðar á þekkingu á vatnsumhverfinu. Hið nýja kerfi vatnastjórnar er ekki fræðilegt verkefni heldur grunnur sem nýtist öllum notendum vatns til framtíðar við ákvarðanatöku. Hafa í huga að vatnaáætlanir munu hafa áhrif, þar af leiðandi er mikilvægt að hafa starfandi virkar vatnasvæðisnefndir.	KLÁ forstjóri	
2	Löggjöfin um stjórn vatnamála: Heiðrún Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Spurningar: <ol style="list-style-type: none">Beðið um að sjá aftur myndina af svæði 3. Óskýr í gögnum, útskýra þarf liti, grænt og rautt. Hvað þýðir orðið vatnshlot? Svar UST: Útskýrt að vatnshlot væri eining vatns, allt það vatn sem væri í á, stöðuvatni eða strandsjó. Græni liturinn á kortinu er fyrir þau vatnshlot sem búið er að skilgreina og gefa númer, e.k. kennitölu. Rauði liturinn er þau vötn sem ekki er búið að skilgreina eða gefa númer. Bleiku árósmir eru skilgreind árósavatnshlot og bláu stöðuvötnin eru skilgreind stöðuvatnhlot með númeri.Hvað með grunnvatn, er eitthvað verið að huga að því? Svar UST: OS er að safna upplýsingum um grunnvatn, flokka í vatnshlot, skrá magnstöðu og safna saman upplýsingum um verndarsvæði vatns. Nýting hitaveitu, kemur hún inn í þennan málaflokk? Allt svæði sem liggur að Ölfusá, þarf það að vera eitt vatnshlot? Svar UST: Jú Ölfusá getur verið eitt vatnshlot, getur þó mögulega skipst upp í tvö eða fleiri vatnshlot vegna álags. Sá hluti Ölfusár þar sem lítilla áhrifa manna gætir getur verið eitt vatnshlot og annað vatnshlot þar sem er mengun t.d. skólp.	HG	
3	Drög að áfanga- og verkáætlana vegna stjórnar vatnamála: Tryggvi Þórðarson,	TÞ	

sérfræðingur.**Spurningar:**

1. Er þetta verkefni á fjárlögum? Svar UST: Búið að kostnaðarmeta verkefnið. Fengum ákveðna upphæð. UST hefur þá ábyrgð að halda utan um peningapottinn. Markmiðið er að taka saman upplýsingar um álag á vatn og útbúa heildstætt vöktunarkerfi. Reyndin er sú að dregið hefur úr vöktum á vatni víða erlendis. Á Íslandi vantar heildstæða sýn. Peningapottinum er dreift út til fjölda samstarfsstofnana sem hafa ábyrgð. Tryggir samræmda innleiðingu stjórnar vatnamála í landinu.
2. Hvernig mun þetta tengjast aðalskipulagi/skipulagsáætlunum? Svar UST: Í umhverfismati vatnaáætlunar á að gera grein fyrir samræmi hennar við aðrar áætlanir og gert er ráð fyrir að þegar fram líða stundir taki nýjar/endurskoðaðar skipulagsáætlanir mið af umhverfismarkmiðum vatnastjórnunar um gott ástand vatns á Íslandi.
3. Þýðir þetta að koma á aðilum í sveitarstjórnnum inn í málin á þessu stigi, þarf að upplýsa þá um að þetta verkefni sé að fara af stað? Svar UST: Já, mjög mikilvægt.

Ábending: Meiri en helmingur af landsvæði Voga er skilgreint sem vatnsverndarsvæði. Lítum á þetta sem okkar stærstu auðlind, Grindavík er að ganga frá samskonar skipulagi. Svar UST: Fyrirhyggja er grunnurinn, ódýrara að þurfa ekki að fara í kostnaðarsamar aðgerðir síðar meir.

Spurningar:

1. Auðlendastefna vegna Orkuveitu og Rvk er stór hagsmunaaðili. Kemur sá aðili inn í þessa vinnu? Hver er snertiflöturinn vegna framkvæmdastjórnar vatnsverndar? Svar UST: Allar áætlanir á vegum veitufyrirtækja og sveitarstjórna koma beint inn í þessa vinnu.
2. Á 4 ára fresti er endurskoðað hvernig nýta eigi orkuna. Er í stjórn vatnamála gert ráð fyrir hvernig verndað land er nýtt? Hver á að hafa valdið að nýta auðlind sem er í jörðu? (vitnaði í reglugerð). Svar UST: Það þarf að horfa á gæði vatnsins og viðtakanda ef menn ætla að nýta landið, halda gæðum vatnsins. Spurning um aðferðir, mikilvægt að nýta auðlindir með það að sjónarmiði að gæði vatnsins rýrni ekki. Varðandi aðkomu Orkuveitu Rvk þá mun hún sem aðili að Samorku sitja sem fulltrúi í ráðgjafahópi hagsmunaaðila. Markmiðið að fá þátttöku allra sveitafélaga og aðila, einkum á viðkvæmu svæði/álagssvæði, skipuleggja, fá sameiginlega stefnu. Þar sem hvert sveitarfélag getur haft áhrif á ástand vatns sem rennur frá einu sveitarfélagi til annars þurfum við að fá heildarstefnu fyrir landið, vatnaáætlun. Hún mun byggja á slíkri stefnu, verður sett í auglýsingu (opinbera kynningu). Hægt að vinna út frá vatnaáætlun fram á næsta stig. Orkustofnun er að safna upplýsingum frá sveitarfélögum um vatnsverndarsvæði og munu þær upplýsingar fara inn í gagnagrunn VÍ, þannig er verið að safna þessum upplýsingum á einn stað.
4. Nýting á grunnvatni heitt og kalt. Skv. stjórn vatnamála er gert ráð fyrir að nýtingin gangi ekki á grunnvatnsstöðu t.d. Hellisheiðar. Hvað vitum við um jarðhitann? Þarf að bora rannsóknarholur til að kortleggja hann, fá góðan vísindalegan grunn? Svar UST: Nei það þarf ekki að kortleggja jarðhitann vegna stjórnar vatnamála, áhersla er fyrst og fremst lögð á upplýsingar um grunnvatnshlot sem verið er að nýta til jarðvarmavinnslu. OS mun leggja mat á magnstöðu grunnvatns, þær upplýsingar duga okkur. Við höfum ekki áhyggjur af mengun (fögangsefnum) í grunnvatni hér á landi.
5. Verið að fara að endurskoða verndaráætlun hjá okkur (vatnsverndar svæði Rvk). Eigum við ekki að bíða eftir vatnaáætlun vegna þeirrar vinnu. Svar UST: Nei, þið þurfið ekki að bíða, heldur vera samstíga og vinna með okkur, t.d. í

	vatnasvæðisnefndinni.		
4	Kaffihlé: 15:00 – 15:15		
5	<p>Vatnasvæði Íslands og vatnasvæðisnefndir: Jóhanna Weissappel, sérfræðingur:</p> <p>Umræður um skipulag funda og spurningar: Fulltrúum leist vel á að skipta vatnasvæði 4 í tvö svæði, norðan og sunnan Hvalfjarðar. List þannig vel á að einfalda vinnuna svo að hún verði skilvirkari fyrir svæðin.</p> <p>Ábending: Fulltrúi benti á að hann upplifir kynningarfundinn sem embættissamkomu. Markmið hljóta að tengjast pólitíkinni er nýtingu lands varðar, allavega fléttast saman við pólitíkina. Þá er hætt við að málefni verði svolítið eldfimt.</p> <p>Ábending: Embættismenn þurfa væntanlega að koma að þessu annars getur það torvelað vinnuna. Mikilvægt að virkja pólitíkusa til að fyrirbyggja árekstra í þessum málum. Svar UST: Þetta er þannig verkefni að það þurfa fjölmargir að koma að vinnunni, almennir vatnsnotendur eiga aðkomu inni nefndir í gegnum hagsmunahópana. Á Suðurlandi munu fulltrúar í samtökum sveitafélaga fjalla um einstök svæði Ölfusármegin á jaðri 3 og 4 svæðis. Áhugasamt fólk getur komið inn í þessa vinnu í gegnum vatnasvæðisnefndir. Eins geta fulltrúar sveitafélaga mætt á fundi, vatnasvæðisnefndirnar er opinn samstarfsvettvangur íbúa og samtaka. Allir sitja við sama borð.</p> <p>Spurning: Varðandi pólitíkina í Garðabær, þarf að undirbúa verkið fyrir nefndina? Erum við að fara að vinna þetta heima eða fáum við gögn frá Umhverfisstofnun? Svar UST: Erum að kalla eftir viðbótar álagsgögnum frá sveitarfélögum og almenningi, til að fylla inn í „eyðurnar“, þ.e. þau gögn sem UST hefur ekki. Unnið verður með gátlista um álag, best að fá GPS hnit til að geta sett staðsetningar inn í gagnagrunninn hjá Veðurstofnunni. Umhverfisstofnun mun setja gögnin inn í grunninn, sveitarfélögin þurfa þess ekki. Í fyllingu tímans munu HES geta sett skil sín til UST inn í slíkan gagnagrunn, í staðlað form. Hlutverk þeirra sem eru hér, þ.e. fulltrúana, er að upplýsa sínar nefndir og pólitíkusa um nýja stjórnsýslu vatnamála og Umhverfisstofnun upplýsingar til almennings. Búið að gera samning við Veðurstofuna um gagnagrunna. Ýmsar nefndir á vegum sveitarfélaga geta fengið upplýsingar úr þessum gagnagrunnum í framtíðinni.</p> <p>Spurning: Hver eru rökin fyrir skiptingu vatnasvæðanna? Svar UST: Við undirbúning lagasetningar voru margir möguleikar skoðaðir; t.d. hvort landið ætti að vera 10 vatnaumdæmi, 4, 2, 3 eða 1. Niðurstaðan var að landið yrði eitt vatnaumdæmi og eitt vatnaráð, m.a. vegna þess að það er eyja. Ákveðið var að hafa 4 undirsvæði, hvert með eina samstarfsnefnd, vatnasvæðisnefnd. Þetta var gert til að færa vinnuna nær fólkinu í landinu og gera vinnuna einfaldari og lýðræðislegri. . Ætlunin að færa ákvarðanatöku og vinnu vegna vatns nær fólkinu þar sem nýtingin á vatninu er. Meginreglan var að mörk vatnasvæða er á vatnaskilum. T.d. Dæmi um vatnaskil eru afmörkun vatnasvæðis 2, sem nær frá miðjum Tröllaskaga og austur að Lóni út frá vatnaskilum í norðanverðum Vatnajökli. Hugmynd um skiptingu vatnasvæða í minni einingar hefur komið frá fólki sem er að vinna á sínu svæði. Það fyrirkomulag eykur líkur á að fólk láti sig verkefnið varða og komi á fundina. Mikilvægt að fleiri en einn frá hverju sveitarfélagi taki þátt í vinnunni.</p> <p>Jóhanna, UST, mun senda gátlistan til fulltrúana þegar þeir verða lengra á veg komnir.</p> <p>Spurning: Vinnuhópar voru í gangi. Hvar eru niðurstöðurnar frá þeim að finna? Hef tekið saman upplýsingar um rotþrær í HER í tengslum við þá vinnu. Hvert á að senda þau gögn? Svar UST: Mikið af gögnum til, að hluta sem komu úr vinnuhópunum sem sinntu</p>	JW	



<p>undirbúnings vinnu áður en lög um stjórn vatnamála komu. Öll gögn úr þessum vinnuhópum munu nýtast og verða sett í gagnagrunn. Lagði áherslu á að viðkomandi upplýsinga muni nýtast og því best að fá þau send sem fyrst .</p> <p>Næsti fundur: Gert ráð fyrir að verði í apríl. Þá verður kominn listi/kort yfir þekkt álag á vatnasvæðinu og gátlista fyrir viðbótar álag.</p> <p>Fundarstjóri sleit fundi og bauð fundarmönnum að halda áfram með umræður.</p> <p>UST kynnti heimasíðu sína, s skýrsla sýnd með hagfræðilegri greiningu á nýtingu vatns hér á landi. Hugsanlega verður sett á skattlagning á nýtingu á köldu og heitu vatni vegna kostnaðar við stjórn vatnamála. Kort á norskrí heimasíðu sýnt og hvernig hægt er að fá upplýsingar þar um vatnshlot.</p>		
--	--	--

